



# **Starfsáætlun Brekkubæjarskóla**

Skólaárið 2018-2019

## Efnisyfirlit

|                                                   |                                     |
|---------------------------------------------------|-------------------------------------|
| Inngangur .....                                   | 3                                   |
| Hagnýtar upplýsingar um skólann .....             | 3                                   |
| Skrifstofuþjónusta .....                          | 3                                   |
| Forföll nemenda .....                             | 4                                   |
| Leyfi frá skóla .....                             | 4                                   |
| Starfsáætlun nemenda - skóladagatal .....         | 4                                   |
| Skóladagur nemenda .....                          | 5                                   |
| Útfærsla viðmiðunarstundaskrár .....              | 6                                   |
| Val nemenda í 8. - 10. bekk .....                 | 7                                   |
| Upplýsingar um nemendafjölda-bekkjardeildir ..... | 10                                  |
| Starfsmenn .....                                  | 11                                  |
| Stjórnskipulag – skipurit .....                   | 13                                  |
| Skólaráð .....                                    | 15                                  |
| Foreldrafélag og samstarf heimilis og skóla ..... | 16                                  |
| Nemendafélag .....                                | 17                                  |
| Skólareglur .....                                 | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Almennar skólareglur: .....                       | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Sérstakar reglur. ....                            | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Verklagsreglur varðandi skólasókn .....           | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Stoðþjónusta .....                                | 21                                  |
| Stuðningur fyrir börn með sérþarfir .....         | 21                                  |
| Fyrirkomulag sérkennslu .....                     | 22                                  |
| Sérdeild Brekkubæjarskóla .....                   | 22                                  |
| Nemendaverndarráð .....                           | 23                                  |
| Náms- og starfsráðgjöf .....                      | 24                                  |
| Sálfræðiþjónusta .....                            | 24                                  |
| Talkennsla .....                                  | 25                                  |
| Skólaheilsugæsla .....                            | 26                                  |
| Túlkunþjónusta .....                              | 28                                  |
| Samstarf við aðila utan grunnskóla .....          | 28                                  |
| Brúum bilið .....                                 | 28                                  |
| Samskipti við Grundaskóla .....                   | 28                                  |
| Samskipti við Þorpið .....                        | 29                                  |

|                                                                                        |                                     |
|----------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| Samskipti við Tónlistarskólann á Akranesi .....                                        | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Samskipti við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi .....                             | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Skóla- og frístundasviði/Velferðar- og mannréttindasviði .....                         | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Menntamálaráðuneytið .....                                                             | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Aðalnámskrá grunnskóla .....                                                           | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Lög og reglugerðir.....                                                                | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Frístund.....                                                                          | 31                                  |
| Mötuneyti.....                                                                         | 31                                  |
| Tómstundastarf innan skólans .....                                                     | 32                                  |
| Móttökuáætlun nýrra nemenda.....                                                       | 32                                  |
| Þróunarverkefni á skólaárinu 2016-2017 .....                                           | 32                                  |
| Annakerfið, skólanámskráin í Mentor og notkun Mentors í áætlanagerð og utnumhald ..... | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Breytingar á unglingastigi .....                                                       | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Góður og fróður.....                                                                   | 33                                  |
| Umhverfisstefnan .....                                                                 | 34                                  |
| Trúnaður .....                                                                         | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Símenntunaráætlun 2016-2014 .....                                                      | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Bekkarnámskrár.....                                                                    | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Innra mat skóla og sjálfsmatsáætlun.....                                               | 36                                  |
| Ytra mat.....                                                                          | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| Óveður.....                                                                            | 36                                  |
| Veikindafaraldrar .....                                                                | 36                                  |
| Eldsvoði .....                                                                         | 37                                  |
| Viðbragðsáætlun .....                                                                  | 37                                  |

## Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaár. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

## Hagnýtar upplýsingar um skólann

Heimilisfang: Vesturgata 120

Símanúmer skólans: 4331300

Netfang: [skrifstofa@brekkubaejarskoli.is](mailto:skrifstofa@brekkubaejarskoli.is)

Skólastjóri: Arnbjörg Stefánsdóttir

Netfang: [arnbjorg.stefansdottir@brekkubaejarskoli.is](mailto:arnbjorg.stefansdottir@brekkubaejarskoli.is)

Aðstoðarskólastjóri: Magnús Vagn Benediktsson

Netfang: [magnus.benediktsson@brekkubaejarskoli.is](mailto:magnus.benediktsson@brekkubaejarskoli.is)

Frístund: sími 4331327

Heimasíða: [www.brak.is](http://www.brak.is)

## Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 07:45-15:30 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 07:45-14:30 á föstudögum.

## Forföll nemenda

Öll forföll ber að tilkynna á skrifstofu skólans áður en kennsla hefst eða eins fljótt og hægt er í síma 4331300, á netfangið [skrifstofa@brekkubaejarskoli.is](mailto:skrifstofa@brekkubaejarskoli.is) einnig er hægt að skrá nemendur veika í Mentor. Veikindi nemanda þarf að tilkynna hvern dag meðan veikindi vara.

## Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við skrifstofu eða umsjónarkennara. Leyfi til lengri tíma en tveggja daga veita skólastjórnendur að beiðni foreldra. Sækja skal um lengri leyfi á sérstöku eyðublaði sem nálgast má í skólanum eða [hér](#). Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

## Starfsáætlun nemenda - skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 170 og skertir dagar eru skólaárið 2018-2019 alls tíu. Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru t.d. skólaþingardagur, tveir viðtalsdagar, þemadagur, tveir vordagar, karnival dagur, dagur vegna jólasemmtunar, öskudagur og skólaslitadagur.

Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 3. janúar. Vetrarfrí er dagana 18., 19. og 22. október og 25. febrúar. Páskafrí nemenda er 13. apríl til og með 23. apríl. Kennsla fellur niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 14. september, 19. nóvember, 3. janúar, 22. febrúar og 23. apríl.

Viðtalsdagar eru 5. nóvember og 1. febrúar.

Stórar morgunstundir verða haldnar í október, desember, febrúar og júní. Morgunstundin í júní er jafnframt skólaslit Brekkubæjarskóla og þar mæta allir nemendur.

Þemadagur um dygðir er áætlaður í október og fjölgreindarleikar í janúar

Danssýning Brekkubæjarskóla verður 2. apríl.

Árshátíðarsýningar nemenda Brekkubæjarskóla verða á tímabilinu 1. - 5. apríl

Vordagar eru þrír. Sá fyrsti er 31. maí en það getur breyst því að fara þarf eftir veðri og sjávarföllum. Þennan dag sem getur verið breytilegur fara nemendur 1. – 6. bekkjar á Langasand og nemendur 7. -10. bekkjar í fjallöngu. Nemendur safna fjöllum í sérstaka fjallabók og á þessum fjórum árum ganga þeir á Akrafjall, Snók, Þyril og Esju. Tveir seinni vordagarnir verða 3. og 4. júní, þann 4. verður karnival.

Útskrift 10. bekkjar verður 4. júní

Skólaslit verða 5. júní.

Stundaskrár bekkja eru í Mentor

## Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:10 alla daga vikunnar. Yngsta stigið er í skóla til kl. 13:20, miðstigið er til kl. 14:00. Unglingarnir eru búnir kl. 14.00 en geta auk þess verið í valgreinum til 15.30 mánudögum og 14.50 fimmtudögum.

Skólinn er opnaður kl. 7:30 á morgnana og geta nemendur þá komið inn og farið í sínar stofur þótt kennsla hefjist ekki fyrr en kl. 8:10. Frá 7:30 til 7:45 er engin gæsla en frá 7:45 til 8:00 er eingöngu gæsla í anddyrum skólans og því engir fullorðnir til að fylgjast með í skólastofum og á göngum. Frá 8:00 til 8:10 eru stuðningsfulltrúar komnir á öll kennslusvæði.

**Nemendum er heimilt að koma inn í skólann um leið og opnað er að morgni en þeim ber þá að vera í sinni kennslustofu í ró og næði. Verði misbrestur þar á er starfsfólki skólans heimilt að vísa nemendum út úr skólanum og jafnvel banna nemendum að koma inn fyrir klukkan 8:00 á morgnana í ákveðinn tíma.**

Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1. – 4. bekk að vera í **Brekkuseli**, frístund Brekkubæjarskóla. Sjá kafla um frístund.

Nemendur fá nestistíma og hádegishlé á hverjum degi. Í nestistímanum borða nemendur nesti, sem þeir koma með að heiman, í kennslustofunni. Í hádegishléi er borðað í matsalnum. Allir nemendur geta keypt mjólk í skólanum. Nemendur unglingastigs geta keypt sér hressingu í brauðsölu 10. bekkjar og borðað í setustofu unglinga.

Nemendur á yngsta- og miðstigi fá frímínútur tvisvar yfir skóladaginn, alls 50 mínútur á dag. Nemendur á unglingastigi fá frímínútur fjórum sinnum fram að hádegi, alls 35 mínútur. Hádegishlé unglinga er 35 mínútur. Ætlast er til að nemendur á yngsta- og miðstigi fari út í frímínútur en nemendur unglingastigs hafa leyfi til að vera inni þeir geta verið í sínum stofum eða í setustofu unglinga á 1. hæð.

Nemendur í 1. – 10. bekk fá tvo íþróttatíma á viku og allir fá einn sundtíma. Kynjaskipt er í sund í 9. og 10. bekk. Nemendur sækja íþróttir í íþróttahúsið við Vesturgötu og sund í Bjarnalaug.

## Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

|                                                                         | 1. b.       | 2. b        | 3. b        | 4. b        | Samtals     | 5.b         | 6. b        | 7.b         | Samtals     | 8.b         | 9.b         | 10.b        | Samtals     |
|-------------------------------------------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Íslenska                                                                | 280         | 280         | 280         | 280         | 1120        | 240         | 240         | 200         | 680         | 200         | 200         | 200         | 600         |
| Erlend tungumál;enska, danska                                           |             |             |             | 80          | 80          | 120         | 120         | 240         | 480         | 240         | 240         | 280         | 760         |
| List-og verkgreinar                                                     | 200         | 240         | 240         | 240         | 920         | 320         | 360         | 320         | 1000        | 160         | 160         |             | 320         |
| Náttúrugreinar                                                          | 80          | 80          | 120         | 120         | 400         | 120         | 120         | 120         | 360         | 120         | 80          | 120         | 320         |
| Skólaíþróttir                                                           | 120         | 120         | 120         | 120         | 480         | 120         | 120         | 120         | 360         | 160         | 160         | 160         | 480         |
| Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði | 120         | 160         | 160         | 160         | 600         | 200         | 200         | 200         | 600         | 120         | 120         | 120         | 360         |
| Stærðfræði                                                              | 200         | 200         | 200         | 200         | 800         | 200         | 200         | 200         | 600         | 200         | 200         | 200         | 600         |
| Upplýsinga- og tæknimennt                                               |             | 40          | 40          | 40          | 120         | 40          | 40          | 80          | 160         | 40          |             |             | 40          |
| Til ráðstöfunar/val                                                     | 60          | 80          | 80          | 80          | 300         |             |             |             | 0           | 320         | 320         | 440         | 1080        |
| <b>amt.</b>                                                             | <b>1060</b> | <b>1200</b> | <b>1240</b> | <b>1320</b> | <b>4820</b> | <b>1360</b> | <b>1400</b> | <b>1480</b> | <b>4240</b> | <b>1560</b> | <b>1480</b> | <b>1520</b> | <b>4560</b> |

**Erlend tungumál.** Undir þau heyra enska og danska þar sem gert er ráð fyrir að enska sé fyrsta erlenda tungumálið og danska, norska eða sænska annað erlenda tungumálið. 40

**List- og verkgreinar.** Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Þessi tvö svið skulu hafa jafnt vægi innan heildartímans.

**Náttúrugreinar.** Undir þetta svið heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

**Skólaíþróttir.** Undir þetta svið heyra m.a. íþróttir og sund.

**Samfélagsgreinar.** Undir þær heyra m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.

**Upplýsinga- og tæknimennt.** Undir þetta heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.

**Til ráðstöfunar/val.** Undir þetta heyra ráðstöfunarstundir skóla í öllum árgöngum og val nemenda í 8.–10. bekk. Út frá áherslupáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verk tengdu námi.

## Val nemenda í 8. - 10. bekk

Val á unglingastigi er tvískipt. Annars vegar er það **smiðja** sem er þrjár kennslustundir á viku að morgni miðvikudags og síðan **val** sem er 4 kennslustundir á viku, 2 á mánudögum og 2 á fimmtudögum.

Í **smiðjum** er nemendum unglingastigs skipt í hópa og vinna hóparnir að þematengdum verkefnum. Unnið er á meðvitaðan hátt með metanleg hæfniviðmið Aðalnámskrár og samþættingu námsgreina. Unnið er í 3 – 7 vikna lotum. Þemun/verkefnin í smiðjum í vetur eru eftirfarandi:

1. Metanleg hæfniviðmið/hönnun verkefna
2. Vinnulag og verkferlar/námstækni
3. Kraftur og hreyfing / eðlisfræði
4. Jólasmíðja
5. Líkön/forritun
6. Náttúrulæsi
7. Vorsmiðja/áhugasviðsverkefni

Áætlað er að setja tvisvar upp einhverskonar sýningar fyrir samnemendur og foreldra.

Markmið með smiðjuvinnunni eru eftirfarandi:

- Efla sjálfstæði og sköpun í námi
- Auka samvinnuhæfni
- Þjálfá skipulagshæfni
- Efla lýðræðisleg vinnubrögð
- Efla frumkvæði
- Auka fjölbreytni og val nemenda - leiðir í námi og verkefnaskil
- Efla tjáningu og miðlun
- Efla skapandi og gagnrýna hugsun

**Val** er hugsað er til að auka fjölbreytni í námi. Þar er boðið upp á ákveðnar greinar og velja nemendur hvað þeir vilja fara í. Nemendur eru í tveimur valgreinum, einni hvorn dag sem valið er kennt, en skipta alla jafna á 6 vikna fresti. Reynt er að koma flestum nemendum í þá valgrein sem þeir setja í fyrsta sæti á valblaði en það er ekki alltaf hægt þar sem sumar greinar eru mjög vinsælar. Brekkubæjarskóli hefur lagt áherslu á að valgreinar séu fjölbeyttar.

Í valgreinakennslu er skólaárinu skipt í 4 – 5 lotur og er hver lota um 6 – 7 vikur að lengd. Á milli lota er ein vika sem ekki eru kenndar valgreinar, en tíminn notaður til námsmats og til að klára verkefni ef þarf.

Hægt er að sækja um að fá tónlistarnám, skipulagt íþróttar- eða tómstundastarf eða setu í nemendaráði metið sem valgrein. Þeir nemendur sem fá það eru þá í vali einu sinni í viku en ekki tvisvar.

### Tónlistarnám sem valgrein:

Eins og venjulega bjóðum við nemendum okkar að fá tónlistarnám metið sem eina valgrein, með því skilyrði að þeir mæti í a.m.k. tvær kennslustundir á viku í tónlistarskóla (kennslustund telst 30 mínútur eða meira). Þeir nemendur sem ætla að nýta sér þennan möguleika merkja í þar til gerðan reit á valforminu og velja sér þá valgreinar einungis fyrir annan daginn.



## **Íþróttir og tómstundastarf:**

Íþróttæfingar og skipulagt tómstundastarf er metið sem ein valgrein á sama hátt og tónlistarnám. Til að fá þetta metið verða nemendur að eyða a.m.k. 2 klukkustundum á viku í íþróttæfingar eða tómstundastarf á vegum viðurkenndra félagsamtaka. Nemendur þurfa að skila staðfestingu á því að nemandinn stundi æfingarnar/félagsstarfið með viðunandi hætti. undirritaðri af foreldri og þjálfara eða umsjónarmanni frístundastarfsins.

Ath: Ef nemandi ætlar að fá íþrótt/tómstundastarf eða tónlistarnám metið sem valgrein á að taka það fram þegar valblaðinu er skilað. Ekki er hægt að fá að skipta út valgrein fyrir tómstundaval eða tónlistarnám eftir að kennsla í greininni er hafin.

Ef nemandi hefur áður ætlað að fá íþróttir/félagsstarf eða tónlistarnám metið, en ástundun verið óásættanleg, getur viðkomandi nemandi ekki aftur fengið slíkt starf metið sem valgrein.

## **Seta í nemendaráði**

Nemendur sem eru kosnir í nemendaráð taka á sig talsverða vinnu fyrir aðra nemendur skólans. Við viljum koma til móts við þessa nemendur með því að bjóða þeim að taka störf í nemendaráði sem eina valgrein.

**Það getur verið breytilegt hvaða valgreinar eru í boði í hverri lotu. Valgreinar sem eru kenndar í fyrstu vallotu haustið 2018 eru eftirfarandi:**

### **Körfubolti:**

Farið verður yfir helstu undirstöðuatriði körfuknattleiks bæði í vörn og sókn. Sóknarlega verður lögð á hersla á að ná tökum á skottækni og eins að drippla bolta svo hægt sé að leika með hann. Varnarlega verða kenndar grunnvarnarstöður, hreyfingar og annað sem gott er að kunna.

Skotleikir og ýmsir leikir eru partur af hverri æfingu þannig að hver verklegur tími mun síðan enda á spili einhvers konar þar sem leikgleðin á að vera í fyrirrúmi.

**Kennari:** Elinbergur Sveinsson

### **Heimilisfræði:**

Nemendur útbúa aðalrétti og eftirrétti og baka.

**Kennari:** Nína Björk Gísladóttir

### **Þrekval:**

Markmiðið með tímunum er að gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum í þreksalnum. Lögð er áhersla á að gera æfingarnar rétt og kunna að beita sér rétt við framkvæmd þeirra.

Það sem er á dagskránni eru t.d. æfingar með eigin líkamsþyngd, ketilbjöllur, stangir, handlóð, TRX bönd, loftstiga, kaðla sippubönd, róðravélar og hlaupabretti.

**Kennari:** Sigríður H. Gunnarsdóttir

### **Snyrtifræði:**

Nemendur læra um húðina og húðgerðir og annað skemmtilegt sem tengist snyrtifræði og búa til snyrtivörur eins og varasalva, andlits- og hármaska og baðbombur.

**Kennari:** Stefanía Marta Katarínusardóttir.

### **Litabókarval:**

Nemendur læra:

- grunnatriði litablöndunar með trélitum
- skyggingu á myndum
- hvernig sé best að velja saman liti – litasamsetningar
- að virkja sköpunargleðina/litagleðina

**Kennarar:** Elín Ólöf Eiríksdóttir og Svanhildur S. Ríkarðs

### **Smíði:**

Markmiðið er nemendur æfi sig í að nota þau tæki og tól sem smíðastofan hefur upp á að bjóða. Notast verður við sýnikennslu og myndbandasýningar.

Í boði er að:

- Skera út
- Saga út smærri hluti í tifsög
- Búa til og skreyta skilti

**Kennari:** Ingibjörg Torfadóttir

### **Tónlistarval 1**

Kennsla fyrir þá vilja prófa að læra á hljóðfæri og söng.

**Í boði er:**

- Söngur
- Gítar
- Ukulele
- Hljómborð/píanó
- Bassi
- Trommur

Kennslan fer fram í litlum hópum í Brekkubæjarskóla og Tónlistarskólanum.

**Kennari:** Heiðrún Hámundardóttir.

### **Tónlistarval 2**

Í þessu vali verða æfð lög og jafnvel atriði fyrir morgunstundir. Miðast við þá nemendur sem hafa áhuga á að vera í húsbandi og forsöngvarar.

**Kennari:** Heiðrún Hámundardóttir.

### **Leiklist:**

Leiðbeint um framsögn, tjáningu og leikræna tilburði í gegnum ýmsa leiki og æfingar.

**Kennari:** Íris Baldvinsdóttir

### **Tískuteikning:**

Nemendur teikna fót eftir fyrirmynd og fá tækifæri til að læra að teikna sínar eigin hugmyndir.

Nemendur fá leiðbeiningabækling til að eiga en í honum má finna ýmsar úrvinnslur mismunandi líkamsparta og fatnaðar. Öllum verkum safna nemendur í svokallaða Portfolio möppu sem metin verður til einkunnar. Ásamt öllu sem nemendur vinna eiga 2 skylduverkefni að vera í möppunni. Annað er unnið eftir fyrirmynd en hitt eftir eigin hugmyndum. Í bæði verkefnum setja nemendur efnaprufur inn á myndirnar.

**Kennari:** Hafdís Bergsdóttir

#### **Heimanámsval:**

Í þessu vali geta nemendur fengið aðstoð við heimavinnuna sína eða verkefnavinnu. Nemendur geta einnig fengið aðstoð við þætti sem þeir vilja styrkja sig í.

Valið ætti að henta öllum nemendum og sérstaklega þeim sem eru tilbúnir að þiggja aðstoð.

**Kennarar:** Elinbergur Sveinsson og Sigríður Skúladóttir

#### **Tæknival:**

Námskeið sem ætlað er þeim sem hafa áhuga á að vera tæknimenn/konur á viðburðum í skólanum.

Þessi valgrein er kennd á óhefðbundnum val tímum sem verða ákveðnir í samráði við hópinn.

**Kennari:** Birgir Þórisson

Eftir áramót fer stór hluti af vali á unglingastigi í að undirbúa og æfa söngleik sem verður frumsýndur um miðjan febrúar. Valgreinar í lotu 2 munu einnig að hluta til fara í undirbúning uppfærslunnar.

## **Upplýsingar um nemendafjölda-bekkjardeildir**

Skólaárið 2018-2019 eru 455 nemendur í skólanum, 238 drengir og 217 stúlkur. Teymiskennsla er í öllum árgöngum. Nemendum er skipt í hópa í hverjum árgangi og hefur hver hópur einn umsjónarkennara.

#### **Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara**

| <b>Bekkur</b> | <b>Drengir</b> | <b>Stúlkur</b> | <b>Alls</b> | <b>Umsjónarkennarar</b>                                                    |
|---------------|----------------|----------------|-------------|----------------------------------------------------------------------------|
| 1.            | 19             | 23             | 42          | Guðrún Guðbjarnadóttir, Erna Hafnes<br>Magnúsdóttir, Sigrún Þorbergsdóttir |
| 2.            | 31             | 21             | 52          | Gunnur Hjálmsd., Lovísa Jóhannesd., Nanna<br>María Elfarsdóttir            |

|                |            |            |            |                                                                           |
|----------------|------------|------------|------------|---------------------------------------------------------------------------|
| 3.             | 27         | 18         | 45         | Sigríður Helgadóttir, Helgi Ólafur Jakobsson                              |
| 4.             | 25         | 26         | 51         | Elfa Sif Ingimarsd., Eyrún Sif Ólafsdóttir, Elsa Lára Arnardóttir         |
| 5.             | 18         | 26         | 44         | Karitas Gissurardóttir Sigríður Halldóra Gunnarsd.                        |
| 6.             | 31         | 22         | 53         | Aldís Aðalsteinsdóttir, Friðrika Ýr Einarisdóttir, Vigdís Elfa Jónsdóttir |
| 7.             | 26         | 22         | 48         | Bryndís Böðvarsdóttir, Kristbjörg Sveinsdóttir                            |
| 8.             | 25         | 13         | 38         | Elinbergur Sveinsson, Laufey Skúladóttir                                  |
| 9.             | 23         | 23         | 46         | Hafðís Bergsdóttir, Særún Gestsdóttir                                     |
| 10.            | 13         | 24         | 37         | Elín Ólöf Eiríksd., Helga Kristín Björgólfsdóttir                         |
| <b>Samtals</b> | <b>238</b> | <b>217</b> | <b>455</b> |                                                                           |

Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku er 50


## Starfsmenn

Við Brekkubæjarskóla starfa 100 starfsmenn, 62 kennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og aðrir sérfræðingar og stjórnendur og 38 aðrir starfsmenn, matráður, aðstoð í eldhúsi, ritari skólaliðar og stuðningsfulltrúar. Hér fyrir neðan er listi yfir alla starfsmenn Brekkubæjarskóla.

|                            |                              |                                                 |
|----------------------------|------------------------------|-------------------------------------------------|
| Agnesa Sadiku              | Stuðningsfulltrúi            | agnesa.sadiku@brekkubaejarskoli.is              |
| Aldís Aðalsteinsdóttir     | Umsjónarkennari í 6. bekk    | aldis.adalsteinsdottir@brekkubaejarskoli.is     |
| Andrea Magnúsdóttir        | Þroskaþjálfar á sérdeild     | andrea.magnusdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Anna Ósk Sigurgeirsdóttir  | Stuðningsfulltrúi            | anna.osk.sigurgeirsdottir@brekkubaejarskoli.is  |
| Arnbjörg Stefánsdóttir     | Skólastjóri                  | arnbjorg.stefansdottir@brekkubaejarskoli.is     |
| Auður Ásdís Jónsdóttir     | Stuðningsfulltrúi á sérdeild | audur.asdis.jonsdottir@brekkubaejarskoli.is     |
| Auður Freydis Þórsdóttir   | Stuðningsfulltrúi á sérdeild | audur.freydis.thorsdottir@brekkubaejarskoli.is  |
| Berglind Þorsteinsdóttir   | Stuðningsfulltrúi á sérdeild | berglind.thorsteinsdottir@brekkubaejarskoli.is  |
| Bergros Ólafsdóttir Glad   | Talmeinafræðingur            | bergros.olafsdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Björk Bergþórsdóttir       | Matráður                     | bjork.bergthorsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Borghildur Birgisdóttir    | Kennari á sérdeild           | borghildur.birgisdottir@brekkubaejarskoli.is    |
| Bryndís Böðvarsdóttir      | Umsjónarkennari í 7. bekk    | bryndis.bodvarsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Brynhildur Benediktsdóttir | Námsráðgjafi                 | brynhildur.benediktsdottir@brekkubaejarskoli.is |
| Brynjar Sigurðsson         | Íþróttakennari               | brynjar.sigurdsson@brekkubaejarskoli.is         |
| Dagný Hauksdóttir          | Deildarstjóri stoðþjónustu   | dagny.hauksdottir@brekkubaejarskoli.is          |

|                                |                              |                                                     |
|--------------------------------|------------------------------|-----------------------------------------------------|
| Drífa Mjöll Sigurbergisdóttir  | Proskapjálfi                 | drifa.mjoll.sigurbergisdottir@brekkubaejarskoli.is  |
| Edda Björk Baldvinsdóttir      | Iðjubjálfi á sérdeild        | edda.bjork.baldvinsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Elfa Björk Bragadóttir         | Aðstoð í eldhúsi             |                                                     |
| Elfa Sif Ingimarsdóttir        | Umsjónarkennari í 4.bekk     | elfa.sif.ingimarsdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Elinbergur Sveinsson           | Umsjónarkennari í 8.bekk     | elinbergur.sveinsson@brekkubaejarskoli.is           |
| Elín Ólöf Eiríksdóttir         | Umsjónarkennari í 10.bekk    | elin.olof.eiriksdottir@brekkubaejarskoli.is         |
| Elsa Lára Arnardóttir          | Umsjónarkennari í 4.bekk     | elsa.lara@brekkubaejarskoli.is                      |
| Emilia Teresa Orlita           | Stuðningsfulltrúi á sérdeild | emilia.teresa.orldita@brekkubaejarskoli.is          |
| Erla Rut Kristínardóttir       | Stuðningsfulltrúi á sérdeild | erla.rut.kristinardottir@brekkubaejarskoli.is       |
| Erna Björk Kristinsdóttir      | Stuðningsfulltrúi            | ernab@brekkubaejarskoli.is                          |
| Erna Hafnes Magnúsdóttir       | Umsjónarkennari í 1. bekk    | erna.hafnes.magnusdottir@brekkubaejarskoli.is       |
| Erna Rafnsdóttir               | Skólaliði                    | erna.rafnisdottir@brekkubaejarskoli.is              |
| Eva Þórðardóttir               | Stuðningsfulltrúi            | eva.thordardottir@brekkubaejarskoli.is              |
| Eyrún Sif Ólafsdóttir          | Umsjónarkennari í 4.bekk     | eyrun.sif.olafsdottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Fadila Zakaria                 | Aðstoð í eldhúsi             |                                                     |
| Fanney Björnsdóttir            | Proskapjálfi á sérdeild      | fanney.bjornsdottir@brekkubaejarskoli.is            |
| Friðrika Ýr Einarsdóttir       | Umsjónarkennari í 6. bekk    | fridrika.yr.einarsdottir@brekkubaejarskoli.is       |
| Fríða Kristín Magnúsdóttir     | Stuðningsfulltrúi            | fridam@brekkubaejarskoli.is                         |
| G.Rósa Pétursdóttir            | Stuðningsfulltrúi á sérdeild | rosa.petursdottir@brekkubaejarskoli.is              |
| Gróa Herdis Ingvarsdóttir      | Skólaliði í mótuneyti        | groa.herdis.ingvarsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Guðlaug Ásmundsdóttir          | Sálfræðingur                 | gudlaug.asmundsdottir@akranes.is                    |
| Guðmundur P. Jónsson           | Stuðningsfulltrúi            | gudmundur.thor@brekkubaejarskoli.is                 |
| Guðrún Guðbjarnadóttir         | Umsjónarkennari í 1. bekk    | gudrun.gudbjarnadottir@brekkubaejarskoli.is         |
| Gunnhildur Vilhjálmisdóttir    | Grunnskólakennari            | gunnhildur.vilhjalmsdottir@brekkubaejarskoli.is     |
| Gunnur Hjalmsdóttir            | Umsjónarkennari í 2. bekk    | gunnur.hjalmsdottir@brekkubaejarskoli.is            |
| Hafdis Bergsdóttir             | Umsjónarkennari í 9.bekk     | hafdis.bergsdottir@brekkubaejarskoli.is             |
| Hallbera Jóhannesdóttir        | Bókasafnskennari             | hallbera.johannesdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Harpa Jónsdóttir               | Deildarstjóri dagvistar      | harpa.jonsdottir@brekkubaejarskoli.is               |
| Heiðrún Hámundardóttir         | Tónmenntakennari             | heidrun.hamundardottir@toska.is                     |
| Helga Kristín Björgólfsdóttir  | Umsjónarkennari 10. bekk     | helga.kristin.bjorgolfsdottir@brekkubaejarskoli.is  |
| Helgi Ólafur Jakobsson         | Umsjónarkennari í 3. bekk    | helgij@brekkubaejarskoli.is                         |
| Hjördís Hjartardóttir          | Sérkennari                   | hjordis.hjartardottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Hrönn Ríkhardsdóttir *         | Stundakennari                | hronn.rikhardsdottir@brekkubaejarskoli.is           |
| Ingibjörg Hafsteinsdóttir      | Proskapjálfi á sérdeild      | ingibjorg.hafsteinsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Ingibjörg Huld Gísladóttir     | Proskapjálfi                 | ingibjorghg@brekkubaejarskoli.is                    |
| Ingibjörg Torfadóttir          | Smíðakennari                 | ingibjorg.torfadottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Íris Baldvinsdóttir            | Kennari á sérdeild           | iris.baldvinsdottir@brekkubaejarskoli.is            |
| Jóhanna Árnadóttir             | Danskennari                  | johanna.arnadottir@brekkubaejarskoli.is             |
| Jón Þór Þórðarson              | Stundakennari                | 8951278@gmail.com                                   |
| Jónína Björg Magnúsdóttir      | Skólaliði                    | joninabm@brekkubaejarskoli.is                       |
| Jónína Sigurbjörg Einarsdóttir | Skólaliði                    | jonina.sigurbjorg.einarsdottir@brekkubaejarskoli.is |
| Justyna Skawinska              | Stuðningsfulltrúi            | justynas@brekkubaejarskoli.is                       |
| Kamila Skawinska               | Skólaliði                    | kamila.skawinska@brekkubaejarskoli.is               |
| Karítas Gissurardóttir         | Umsjónarkennari í 5. bekk    | karitas.gissurardottir@brekkubaejarskoli.is         |
| Kolbrún Sigurðardóttir         | Listgreinakennari            | kolbrun.sigurdardottir@brekkubaejarskoli.is         |
| Kristbjörg Sveinsdóttir        | Umsjónarkennari 7.bekk       | kristbjorg.sveinsdottir@brekkubaejarskoli.is        |

|                                 |                                     |                                                      |
|---------------------------------|-------------------------------------|------------------------------------------------------|
| Kristín Hallsdóttir             | Skólaritari                         | skrifstofa@brekkubaejarskoli.is                      |
| Kristín S. Halldórsdóttir       | Skólaliði                           | kristin.halldorsdottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Kristrún Sigurbjörnsdóttir      | grunnskólakennari                   | kristrun.sigurbjornsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Laufey Skúladóttir              | Umsjónarkennari í 8. bekk           | laufey.skuladottir@brekkubaejarskoli.is              |
| Lilja Lind Sturlaugsdóttir      | Þroskaþjálfari á sérdeild           | lilja.lind.sturlaugsdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Logi Örn Axel Ingvarsson        | Stuðningsfulltrúi                   | logi.orn@brekkubaejarskoli.is                        |
| Lovísa Jóhannesdóttir           | Umsjónakennari í 2. bekk            | lovisa.johannesdottir@brekkubaejarskoli.is           |
| Magnús Vagn Benediktsson        | Deildarstj. staðgengill skólastjóra | magnus.benediktsson@brekkubaejarskoli.is             |
| Monika Palinska                 | Stuðningsfulltrúi á sérdeild        | monika.palinska@brekkubaejarskoli.is                 |
| Nanna María Elfarsdóttir        | Umsjónarkennari í 2. bekk           | nanna.maria.elfarsdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Nína Björk Gísladóttir          | Heimilisfræðikennari                | nina.bjork.gisladdottir@brekkubaejarskoli.is         |
| O. Ragnheiður Kristjánsdóttir   | Listgreinakennari                   | ragnheidur.kristjansdottir@brekkubaejarskoli.is      |
| Ólöf Lilja Lárusdóttir          | Hjúkrunarfræðingur                  | olof.lilja.larusdottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Ólöf Sunna Gautadóttir          | Stuðningsfulltrúi                   | sunna@brekkubaejarskoli.is                           |
| Ragnar Már Viktorsson           | Kerfisfræðingur                     | ragnar@brekkubaejarskoli.is                          |
| Ragnheiður H. Guðjónsdóttir     | Íþróttakennari                      | ragnheidur.gudjonsdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Rósa María Sigurgeirsdóttir     | Iðjuþjálfari á sérdeild             | rosa.maria.sigurgeirsdottir@brekkubaejarskoli.is     |
| Sesselja Ingimundardóttir       | Skólaliði                           | esselja.ingimundardottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Sesselja Óskarsdóttir           | Stuðningsfulltrúi                   | esselja.oskarsdottir@brekkubaejarskoli.is            |
| Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir | Umsjónarkennari í 5. bekk           | sigridur.halldora.gunnarsdottir@brekkubaejarskoli.is |
| Sigríður Helga Gunnarsdóttir    | Íþróttakennari                      | sigridur.gunnarsdottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Sigríður Helgadóttir            | Umsjónarkennari í 3. bekk           | sigridur.helgadottir@brekkubaejarskoli.is            |
| Sigríður Margrét Matthíasdóttir | Dönskukennari                       | sigridur.matthiasdottir@brekkubaejarskoli.is         |
| Sigríður Skúladóttir            | Sérkennari                          | sigridur.skuladottir@brekkubaejarskoli.is            |
| Sigrún Þorbergsdóttir           | Umsjónarkennari í 1. bekk           | sigrun.thorbergsdottir@brekkubaejarskoli.is          |
| Sigrún Þrastardóttir            | Stuðningsfulltrúi                   | sigrun.thrastardottir@brekkubaejarskoli.is           |
| Sóley Fjalarsdóttir             | Skólaliði                           | soley.fjalarsdottir@brekkubaejarskoli.is             |
| Sólveig Ásta Gautadóttir        | Stuðningsfulltrúi                   | solveig.asta.gautadottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Stefanía Marta Katarínusdóttir  | Sérkennari                          | stefania.marta@brekkubaejarskoli.is                  |
| Súsanna Ernudóttir              | Skólaliði                           | susanna.ernudottir@brekkubaejarskoli.is              |
| Svanhildur S. Ríkarðs           | Stuðningsfulltrúi á sérdeild        | svanhildur.rikardsdottir@brekkubaejarskoli.is        |
| Sædís Þórhallsdóttir            | Skólaliði                           | saedisth@brekkubaejarskoli.is                        |
| Særún Gestsdóttir               | Umsjónarkennari í 9. bekk           | saerun.gestsdottir@brekkubaejarskoli.is              |
| Valgerður Sveinbjörnsdóttir     | Skólaliði í mótuneyti               | valgerdur.sveinbjornsdottir@brekkubaejarskoli.is     |
| Vigdís Elfa Jónsdóttir          | Umsjónarkennari í 6. bekk           | vigdis.jonsdottir@brekkubaejarskoli.is               |
| Viktor Helgi Benediktsson       | Stuðningsfulltrúi                   | viktorhb@brekkubaejarskoli.is                        |
| Viktor Pálmason                 | Stuðningsfulltrúi                   | viktorp@brekkubaejarskoli.is                         |
| Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir  | Deildarstjóri                       | vilborg.gudbjartsdottir@brekkubaejarskoli.is         |
| Pórey Hólm Heimisdóttir         | Skólaliði                           | thoreyhh@brekkubaejarskoli.is                        |



## Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv.8. gr. laga um grunnskóla nr. 91) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúm kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaárið 2018-2019 sitja eftirtaldir í skólaráði:

### **Skólastjóri**

Arnbjörg Stefánsdóttir

### **Aðstoðarskólastjóri**

Magnús V. Benediktsson situr alla fundi ráðsins og ritar fundargerð.

### **Fulltrúar foreldra**

Kristín L. Kötterheinrich

Tinna Steindórsdóttir

### **Fulltrúi grenndarsamfélags**

Ólöf Linda Ólafsdóttir

### **Fulltrúar kennara**

Bryndís Böðvarsdóttir

Ingibjörg Torfadóttir

Kristrún Sigurbjörnsdóttir til vara

### **Fulltrúi annarra starfsmanna**

Eva Þórðardóttir

Andrea Magnúsdóttir til vara



## **Fulltrúar nemenda**

Ína Margrét Sigurðardóttir

Kimberley Tómasdóttir

Snædís Lilja Gunnarsdóttir til vara

## **Starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019**

Fundir verða að öllu jöfnu síðasta þriðjudag í fundarmánuði kl. 16.30 – 18.00 en fundartími getur styst eftir atvikum.

Skóladagatal (sept)

Fjárhagsáætlun (okt)

Skólareglur (okt)

Samræmd próf (okt)

Starfsáætlun skólans (nóv)

Skóladagatal næsta árs (janúar)

Skólanámskrá (janúar)

Fundur með nemendaráði (febrúar)

Sjálfsmat (mars)

Líðankannanir (mars)

Foreldrafélagið (apríl)

Skipulag næsta skólaárs (maí)

## **Foreldrafélag og samstarf heimilis og skóla**

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag (skv. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91). Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnum þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag Brekkubæjarskóla var stofnað 10. október 2002, af áhugasömum foreldrum sem vildu efla og styrkja félagsstarf innan skólans.

Markmið hvernar stjórnar er að halda utan um samskipti heimilis og skóla, koma skoðunum og ábendingum foreldra á rétta staði og fylgja þessu eftir.

Foreldrafélagið leggur metnað sinn í að byggja upp gott og öflugt starf, gagnvirkrt á milli stjórnar félagsins og foreldra annars vegar og hins vegar á milli foreldra barna, stjórnar félagsins og skólans.

Markmið hvernar stjórnar er að halda utan um samskipti heimilis og skóla, koma skoðunum og ábendingum foreldra á rétta staði og fylgja þessu eftir. Við leggjum metnað okkar í að byggja upp gott og öflugt starf, gagnvirkt á milli stjórnar félagsins og foreldra annars vegar og hins vegar á milli foreldra barna, stjórnar félagsins og skólans.

Markmið og áherslur Foreldrafélags Brekkubæjarskóla eru að:

- efla samstarf heimilis og skóla
- virkja foreldra í þátttöku foreldraröls
- efla forvarnarstarf á vegum heimilis og skóla
- halda utan um félagsstarf bekkjanna
- vera tengiliður foreldra og barna inn í skólastarfið
- stuðla að upplýsingamiðlun til foreldra, m.a. með útgáfu fréttabréfs og með fróðlegum fyrirlestrum.

Stjórnina skipa 8 fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalfundur félagsins er haldinn í október ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá.

#### **Skólaárið 2018-2019 skipa eftirtaldir stjórn foreldrafélagsins:**

Helga Hallfríður Stefánsdóttir : [hhallfridur@simnet.is](mailto:hhallfridur@simnet.is)

Tinna Steindórsdóttir : [Tinnsa@hotmail.com](mailto:Tinnsa@hotmail.com)

Kristín Kötterheinrich : [kristin@fva.is](mailto:kristin@fva.is)

Sigíður Lára Guðbjartsdóttir : [bjarkargrund1@gmail.com](mailto:bjarkargrund1@gmail.com)

Liv Asa Skarstad : [livasa80@gmail.com](mailto:livasa80@gmail.com)

Erla Ösp Lárusdóttir : [erlaosp@simnet.is](mailto:erlaosp@simnet.is)

### **Nemendafélag**

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess (skv. lögum nr. 91, 10. gr.). Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag setur

sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

**Skólaárið 2018-2019 skipa eftirtaldin stjórn nemendafélagsins:**

**Formaður:** Embla Helgadóttir Isaksen

**Varaformaður:** Salka Brynjarsdóttir

**Nemendaráðsfulltrúar:**

**10. B**

Guðmunda Freyja Guðráðsdóttir

Guðrún Karitas Guðmundsdóttir

**10. S**

Arnheiður Anna Hallvarðsdóttir

Þóra Kristín Ríkharðsdóttir

**9. B**

Snædís Lilja Gunnarsdóttir

Árný Lind Árnadóttir

**9. S**

Gabriela Pawelczyk

Glóey Ýr Sigurðardóttir

**8. B**

Orri Bergmann Ingþórsson

Aletta Sif Sigmundsdóttir

**8. S**

Hekla Kristleifsdóttir

Hanna Bergrós Gunnarsdóttir

## Skólareglur

### Almennar skólareglur

#### **Brekkubæjarskóli er vinnustaður þar sem öllum á að líða vel**

- Við sinnum náminu okkar og nýtum tímann vel
- Við erum stundvís
- Við erum kurteis og tillitsöm og berum virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum
- Við berum ábyrgð á okkur og eigum okkar
- Við berum virðingu fyrir eigum annarra

### Sértækar skólareglur

#### **Skólasókn – ástundun**

Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sæki skóla. Foreldrar verða að tilkynna um veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi gerist þess þörf. Leyfi umfram tvo daga á að sækja um skriflega á sérstök eyðublöð.

Fari skólasókn nemenda niður fyrir 80% (á hverju tímabili eða í einstökum námsgreinum) hvort sem um er að ræða óheimilar fjarvistir, veikindi eða leyfi lætur umsjónarkennari foreldra vita að málinu verði vísað til nemendaverndarráðs. Tekið er tillit til langvarandi veikinda eða leyfa vegna ferðalaga. Nemendaverndarráð fjallar um málið og ákvarðar frekari aðgerðir.

#### **Eftirfarandi reglur eru kennurum til leiðbeiningar varðandi skólasókn nemenda:**

- Foreldrar skulu tilkynna samdægurs um forföll nemenda svo þeir fái ekki skráða á sig óheimila fjarvist. Ef nemandi þarf að vera heima vegna veikinda fleiri en einn þarf að tilkynna um forföll daglega.
- Leyfi til lengri tíma en tveggja daga þarf að tilkynna skriflega á skrifstofu skólans á þar til gerðum eyðublöðum.
- Ef nemandi mætir eftir að mætingarskráningu er lokið telst hann hafa komið of seint í tíma.
- Ef nemandi mætir þegar kennslustund er hálfnuð telst hann hafa verið fjarverandi.
- Kennarar hafa samband við ritara ef nemendur eru ekki mættir í fyrsta tíma og kanna hvort tilkynnt hafi verið um forföll. Ef ekkert hefur verið tilkynnt er hringt heim til viðkomandi nemanda og spurst fyrir um hann.

- Kennarar yfirfara skólasókn í Mentor vikulega og skrá inn ef eitthvað vantar.

### Heilbrigðar lífsvenjur

- Verslunarferðir á skólatíma eru óheimilar.  
*Viðurlög:* Við fyrsta brot á þessari reglu fær nemandinn viðvörðun frá umsjónakennara. Við ítrekuð brot er haft samband við foreldra.
- Sælgæti og gosdrykkir eru bannaðir á skólatíma.  
*Viðurlög:* Við fyrsta brot er sælgæti eða gos tekið af nemanda.  
Við annað brot verður haft samband við foreldra.
- Notkun rafsígarettar, reykingar og önnur tóbaksnotkun er bönnuð í skólanum, á skólalóð og í nágrenni skólans á skólatíma. Einnig hvar sem nemendur eru á vegum skólans.  
*Viðurlög:* Við brot er haft samband við foreldra.
- Áfengisnotkun er bönnuð á skólatíma og á skemmtunum eða ferðalögum á vegum skólans.  
*Viðurlög:* Við brot er haft samband við foreldra og þeir látnir sækja viðkomandi.  
Foreldrar og nemandi eru boðaðir á fund næsta skóladað og málefni viðkomandi rædd.
- Öll vímuefni eru bönnuð á skólatíma og á skemmtunum eða ferðalögum á vegum skólans.  
*Viðurlög:* Við brot er foreldrum tilkynnt um málið og þeir látnir sækja viðkomandi.  
Skólastjóri tilkynnir málið til Barnaverndar Akraneskaupstaðar. Skólastjóri vísar nemanda úr skóla tímabundið meðan málið er óútkljáð. Skólastjóra er heimilt í samvinnu við foreldra að láta þar til bæra aðila meta ástand viðkomandi nemanda. Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldum. Skólastjóri hefur samband við sérfræðiþjónustu og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.

### Samskipti

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum starfsfólks skólans í öllu er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur. Sjá 14.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, um ábyrgð nemenda og kafla 13.1 um ábyrgð og skyldur nemenda í Aðalnámskrá grunnskóla (2011).

- Nemendur virða reglur um notkun farsíma, snjalltækja og annarra tækja í skólanum.

Viðurlög: Við fyrsta brot á þessari reglu fær nemandinn viðvörun frá umsjónakennara. Við ítrekuð brot er haft samband við foreldra.

- Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og fullreynt er að hann lætur ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum úr tíma og á skrifstofu skólans. Umsjónarkennari upplýsir foreldra.
- Einelti er aldrei liðið í Brekkubæjarskóla  
Viðbrögð: Sjá eineltisáætlun Brekkubæjarskóla
- Ofbeldi er aldrei liðið í Brekkubæjarskóla  
Viðbrögð: Sjá verklagsreglur vegna ofbeldis.

## Umgengni

- Nemendur skulu ávallt ganga frá útífatnaði og skóm á viðeigandi stað.
- Ef nemandi er uppvís að slæmri umgengni þarf hann að ganga frá og/eða þrífa eftir sig.
- Ef nemandi veldur viljandi eða með hirðuleysi skemmdum á eignum skólans eða annarra má hann búast við því að þurfa að bæta skaðann.

Viðurlög:

1. Viðkomandi starfsmaður talar við nemanda og tilkynnir til foreldra.
2. Láti nemandi sér ekki segjast er honum vísað til skólastjórnenda. Skólastjórnendur tilkynna til foreldra.

## **Skólareglur Brekkubæjarskóla gilda hvar sem nemendur eru staddir á vegum skólans**

## Stoðþjónusta

### Stuðningur fyrir börn með sérþarfir

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs þroska.

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar

sérþarfir. Bráðgerir nemendur og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

### **Fyrirkomulag sérkennslu**

Sérkennsla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Nýbúafræðsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að hausti skiptir deildarstjóri stoðþjónustu sérkennslutímum og kennurum niður á stig og árganga. Sérkennarar og umsjónarkennarar fara saman yfir nemendahópinn og ákveða fyrirkomulagið á sérkennslunni. Þetta fyrirkomulag er endurskoðað nokkrum sinnum yfir skólaárið.

### **Sérdeild Brekkubæjarskóla**

Sérdeild Brekkubæjarskóla var formlega stofnuð árið 1986. Hún tilheyrir Brekkubæjarskóla á Akranesi og er rekin af Akranesbæ. Tilgangur með stofnun hennar var að gera fötluðum börnum á Akranesi kleift að stunda nám í heimabyggð. Sérdeildin þjónar báðum grunnskólum Akranesbæjar og foreldrar fatlaðra barna hafa valkost um nám í sérdeild eða í almennum bekk fyrir börn sín.

Árlegur starfstími sérdeildar fylgir skóladagatali Brekkubæjarskóla. Hver nemandi hefur sína stundaskrá og fær fylgd starfsfólks sérdeildar eftir þörfum. Daglegur skólatími nemenda miðast við gildandi viðmiðunarstundaskrá og býðst nemendum á yngsta stigi að fara í frístund eftir að

skóladegi lýkur. Nemendur sérdeildar í 5.- 10. bekk eiga kost á að fara í skipulagða frístund í Félagsmiðstöðina Arnardal/Þorpið eftir að skóla lýkur.

Meginmarkmið sérdeildarinnar er að nemendur séu sem mest inni í bekknum sínum með þeim stuðningi sem þarf. Stuðningur og fylgd inn í bekk kemur frá sérdeild og er skipulagður af umsjónaraðila nemandans í sérdeild í samvinnu við umsjónakennara bekkjarins og/eða aðra kennara.

Í sérdeildinni starfa deildarstjóri, kennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og stuðningsfulltrúar. Starfsfólk sérdeildar vinnur í nánú samstarfi við kennara, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing, talmeinafræðing og sálfræðing skólans.

Öll stoðþjónusta skólans er í endurskoðun.

### **Nemendaverndarráð**

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði Brekkubæjarskóla eiga sæti skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og náms- og starfsráðgjafi. Nemendaverndarráð heldur fundi aðra hverja viku og sitja félagsráðgjafar frá barnavernd og iðjuþjálfar frá Skóla- og frístundasviði einn fund í mánuði. Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað og ákveður til hvaða úrræða og aðgerða verði gripið og hverjir taka verkefnin að sér. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn. Kennarinn fyllir út umsókn þar sem fram kemur hver vandinn er og hverju er verið að óska eftir. Foreldrar/forráðamenn þurfa að skrifa undir umsóknina annas er hún ekki tekin til meðferðar. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans



og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Fundir eru bókaðir og farið með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

## Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi vinnur ásamt öðrum starfsmönnum skólans að ýmsum velferðarmálum er tengjast námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Námsráðgjafi vinnur bæði með einstaklinga og hópa.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra.

Helstu viðfangsefni námsráðgjafa eru:

- Að veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og veita þeim fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- Að veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.
- Að leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi, t.d. með því að bjóða upp á námskeið í námstækni.
- Að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Að taka á móti nýjum nemendum og veita þeim stuðning.
- Að undirbúa flutning milli skólastiga og fylgja nemendum eftir inn í framhaldsskóla.
- Að sinna fyrirbyggjandi starfi, t.d. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skólans og aðra svo sem starfsmenn æskulýðs- og íþróttamála og skólasálfræðing.

Samvinna milli nemanda og námsráðgjafa er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist nemandanum. Nemendur geta leitað beint til námsráðgjafa eða verið vísað til hans af kennurum, forráðamönnum eða skólastjórnendum. Forráðamenn geta leitað beint til námsráðgjafa.

## Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta er starfrækt samkvæmt ákvæðum í lögum um grunnskóla og leikskóla og nánar er kveðið á um útfærslu í reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla. Sálfræðingar hjá Skóla-

og frístundasviði sinna grunn- og leikskólum bæjarins. Sálfræðingur situr fundi nemendaverndarráðs

Markmið sálfræðiþjónustu við skóla er að sálfræðileg þekking nýtist í skólastarfi, kennurum og öðru starfsfólki, börnum, foreldrum og fjölskyldum til hagsbóta. Unnið er að þessu markmiði samkvæmt eftirfarandi stigskiptingu forvarna:

1. stigs forvarnir - grunnaðgerð; þ.e. fræðsla, kynning.
2. stigs forvarnir - leitaraðgerð, þ.e. kannanir, skimanir.
3. stigs forvarnir - endurhæfing, þ.e. greining, meðferð.

#### Grunnaðgerðir (1. stig) eru:

- Ráðgjöf og stuðningur við forvarnir í skólastarfi.
- Ráðgjöf vegna nýbreytni og þróunarstarfs.
- Hagnýt fræðsla til kennara, skólastjóra, nemenda og forráðamanna.
- Stefnumótun og gerð starfsáætlana í samráði við skólafulltrúa.

#### Leitaraðgerðir (2. stig) eru:

- Hönnun og framkvæmd rannsókna, tilrauna, kannana og kambiathugana.

#### Endurhæfing (3. stig) eru:

- Athuganir og greiningar á nemendum sem eiga í sálrænum, félagslegum og/eða námslegum erfiðleikum, ásamt tillögum til úrlausna.
- Ráðgjöf til nemenda.
- Meðferð fyrir nemendur í vanda.
- Ráðgjöf til kennara og starfsfólks skóla vegna erfiðleika einstakra nemenda.  
Sérstök áhersla er á að auka þekkingu og færni starfsfólksins til að leysa viðfangsefni sjálfstætt, sbr. 3.gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu.
- Ráðgjöf til kennara og starfsfólks skóla vegna skilgreindrar bekkjar- eða hópvinnu.
- Ráðgjöf til kennara og starfsfólks vegna samstarfs.
- Ráðgjöf og leiðbeiningar til foreldra og fjölskyldna vegna náms og uppeldis barna.

### **Talkennsla**

Deildarstjóri stoðþjónustu og talmeinafræðingur fara yfir öll gögn sem berast frá leikskóla yfir í grunnskóla. Sérstök áhersla er lögð á að skoða niðurstöður úr *HLJÓM-2*, *TOLD-2P* málþroskaprófi, *Reynells málþroskaprófi*, *Orðaskil*, *Íslenska þroskalistanum* (málþáttur), *Íslenska smábarnalistanum* og *Þroskaprófum* (misræmi á milli verklegrar og mállegrar greindar). Einnig er farið sérstaklega yfir skýrslur frá greiningarteymum sbr. Greiningar-og

ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar-og talmeinafræðistöð Íslands, BUGL o.s.frv. Skoðaðar eru áherslur í málörvun í leikskóla og börnin eru síðan málþroskaprófuð eftir þörfum

Talmeinafræðingur og kennari sem sér um málörvun raða börnum síðan í hópa eftir eðli vandans (sjá vinnu í málörvunarhópum <http://lesvefurinn.hi.is/node/149>). Börnunum er raðað í hópa eftir því hvort þau eru með vanda í heyrnrænni úrvinnslu, heyrnarminni, hljóðkerfisvitund, framburði, orðaforða, málskilningi, máltjáningu, málfræði, setningauppyggingu, frásögnum eða viðeigandi boðskiptum. Einnig er sérstök áhersla lögð á á auka áhuga, úthald, einbeitingu og styrkja undirstöðuþætti fyrir lestur.

Kennari sem sér um málörvun gerir einstaklingsáætlun fyrir hvert barn sem fer í málörvunarhóp. Áætlunin er unnin undir leiðsögn talmeinafræðings og valið er málörvunarefni í samræmi við kennsluáætlunina. Málörvunaráætlunin er kynnt fyrir bekkjarkennara og foreldrum og allir fá eintak af áætluninni til að fylgja eftir heima og í skóla.

Talmeinafræðingur tekur við útfylltum beiðnum frá kennurum þar sem beðið er um greiningu á málþroska. Samstarfsfundir eru haldnir með bekkjarkennara og foreldrum efir þörfum, þar sem farið er yfir áherslur í málörvun.

Þau börn sem þurfa einstaklingsþjálfun fá tíma hjá talmeinafræðingi eftir þörfum.

Haldið er utan um hvað er gert í málörvun með sérstökum skráningarblöðum. Endurmat á málþroska fer fram hjá talmeinafræðingi eða sérkennara. Talmeinafræðingur sér um að hafa yfirsýn yfir málörvunarefni og velja efni við hæfi út frá kennslufræðilegum þörfum hvers og eins (einstaklingsmiðuð kennsla). Unnið er að því að flokka og skilgreina notkun á málörvunarefni sem er til í Brekkubæjarskóla í tengslum við þetta.

Í þeim tilfellum sem viðunandi árangur næst ekki eftir málörvun í fyrsta bekk (samkvæmt málþroskaathugun talmeinafræðings) heldur barnið áfram í málörvun í öðrum bekk. Eftir það er aftur mat á árangri hjá talmeinafræðingi og er þá metið í samráði við foreldra, bekkjarkennara og deildarstjóra stoðþjónustu hvort barnið þurfi meiri stuðning, sérkennslu, nánari greiningu eða frekari sérfræðiaðstoð.

## Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum HVE. Skólahjúkrunarfræðingur er starfandi við skólann.

Viðtalstími er frá 9-14 mánudaga til fimmtudaga.

Markmið heilsuverndar skólabarna/skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Fylgjast með heilsu, þroska, líðan og högum barna á grunnskólaaldri. Tryggja að skólabörn hafi aðgengi að starfsfólki heilsuverndar í skólum. Auka þekkingu og færni nemenda á heilbrigðu líferni. Draga úr útbreiðslu smitsjúkdóma. Stuðla að eðlilegum vexti og þroska barna

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara, sálfræðing, námsráðgjafa og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnaskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Eftirlit með líkamlegu ástandi og andlegri líðan nemenda er í höndum skólahjúkrunarfræðings þar sem eftirfarandi atriði eru athuguð sérstaklega hjá nemendum:

1.bekkur hæð, þyngd og sjón. Líðan og lífstílsviðtal.

4.bekkur hæð, þyngd og sjón. Líðan og lífstílsviðtal.

7.bekkur hæð, þyngd og sjón. Líðan og lífstílsviðtal.

Bólusetning gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum, allt í einni sprautu.

Bólusetning hjá stúlkum gegn leghálskrabbameini(HPV). Gefið tvisvar með a.m.k. 6 mánaða millibili.

9.bekkur hæð, þyngd og sjón. Líðan og lífstílsviðtal.

Bólusetning gegn barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt, allt í einni sprautu.

Leiði skoðun hjá skólahjúkrunarfræðingi í ljós eitthvað sem þarf að athuga nánar, hefur hjúkrunarfræðingur samband við foreldri/forráðamann. Fyrir utan hefðbundið eftirlit er öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra velkomið að leita til skólahjúkrunarfræðings.

Skólahjúkrunarfræðingur sér um fræðslu til nemenda um ýmsa þætti t.d. hreinlæti, næringu, geðheilbrigði, svefn, hvíld, kynheilbrigði, líkamsímynd og kynþroska.

Reglulegt eftirliti með tannheilsu nemenda er á ábyrgð foreldra. Skólahjúkrunarfræðingur fylgist með hvort nemendur fara til tannlæknis og minnir á það ef misbrestur er á því.

Mjög mikilvægt að láta skólahjúkrunarfræðing vita ef eitthvað er að hjá nemendum sem gæti haft áhrif á nám þeirra við skólann eða getur haft áhrif á heilsu hans og öryggi.

## Túlkabjónusta

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingagjöf milli foreldra og skóla sé greið er foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál tryggð túlkun á upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar vegna þessarar samskipta.

## Samstarf við aðila utan grunnskóla

### Brúum bilið

Brekkubæjarskóli tekur þátt í verkefninu Brúum bilið – samstarf leikskóla og grunnskóla á Akranesi. Brúum bilið hófst sem þróunarverkefni milli Garðasels og Grundaskóla árið 1994. Starfið hefur verið með formlegum hætti frá árinu 1996 og hefur tekið nokkrum breytingum á þessum tíma eflst og batnað. Starfið er í mjög föstum skorðum í grundvallaratriðum en tekur smávægilegum breytingum milli ára því sjaldnast vinnur sama fólkið að því tvö ár í röð.

Tilgangurinn með verkefninu er:

Að skapa samfellu í námi barna / nemenda á þessum tveimur skólastigum.

Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum.

Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

### Helstu þættir starfsins

Skólastjóraheimsókn fyrir væntanlega nemendur hver leikskóli hefur samband við skólann út af heimsókninni.

Haustskóli verður 2., 3. og 4.október. Í hann koma væntanlegir nemendur.

Söngsamvera allra leikskóla og grunnskólanna verður í nóvember og í febrúar.

Vorskóli verður 25. – 29. mars.

Húllum hæ í Akraneshöll í maí.

Starfið er endurmetið með fundum í janúar og júní.

Skilafundur er haldinn að vori. Fulltrúi leikskóla fer í gegnum og afhendir skólanum gögn um væntanlega nemendur. Gögnin sem hér um ræðir eru: Hljóm 2 og í einstaka tilfellum gögn frá talmeinafræðingum, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, barnateymi, sem er samvinnuverkefni fræðslufirvalda og heilsugæslunnar á Akranesi og e.t.v. fleiri aðilum. Umsjónarkennari ( ef vitað er hver hann verður ) og deildarstjóri stoðþjónustu taka við gögnunum.

### Samskipti við Grundaskóla

Samskipti við Grundaskóla eru mikil og góð. Skólarnir eru í samstarfi um lestrarstefnu Akraneskaupstaðar með því að taka þátt í verkefnunum Byrjendalæsi og Orð af orði. Viðbragðsáætlun gegn einelti var unnin sameiginlega fyrir báða skólana af námsráðgjöfum og

sálfræðingum þeirra. Tónlistarval fyrir unglingastigið er samstarfsverkefni beggja grunnskólanna og Tónlistarskólans á Akranesi. Skólarnir vinna ýmis verkefni saman. Skólastjórar skólanna funda einu sinni í mánuði með sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs.

Nemendafélög skólanna vinna mikið saman. Þau skipuleggja veturinn ásamt starfsfólki þorpsins og skiptast á að halda böll.

### Samskipti við Þorpið

Frístundamiðstöðin Þorpið býður upp á skipulagt tómstundastarf fyrir börn og ungmenni. Innan þorpsins eru **Arnardalur**, félagsmiðstöð fyrir 13-16 ára, **Hvíta húsið**, ungmennahús fyrir 16 - 25 ára, og **Gaman saman**, dagstarf fyrir 10-12 ára er í endurskoðun og hefst síðar í vetur. Mikil áhersla er lögð á að hvetja unglingana til þess að taka þátt í kvöldstarfi Arnardals og veittur stuðningur til þess ef þarf.

Í Þorpinu er einnig **Frístund** fyrir 3. og 4. bekk grunnskólanna.

Starfsmenn þorpsins hafa í samvinnu við skólann unnið að ýmsum sérhæfðum náms- og frístundaverkefnum fyrir einstaklinga og hópa.

Nemendaráð grunnskólanna, Arnardalsráð, starfsmenn Arnardals og kennarar sem sjá um félagsmál nemenda. Þessi hópur fundar reglulega yfir veturinn.

### Samskipti við Tónlistarskólann á Akranesi

Tónlistarskólinn á Akranesi hefur tvær stofur til umráða í skólanum fyrir sína kennslu. Nemendur Brekkubæjarskóla sem stunda nám við Tónlistarskólann eiga kost á því að fara að minnsta kosti einu sinni í viku í tónlistartíma á skólatíma. Kennarar Tónlistarskólans hafa samband við foreldra og viðkomandi umsjónarkennara til að velja þann tíma sem hentugastur er. Einnig er samstarf við Tónlistarskólann um tónlistarvalið.

### Samskipti við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Stjórnendur grunnskólanna funda með stjórnendum Fjölbrautaskólans að minnsta kosti tvisvar yfir skólaárið. Nemendur 10. bekkjar fara í heimsókn í Fjölbrautaskólann þar sem tekið er á móti þeim og þeir fá að vera part úr degi til að kynnst því sem FVA hefur upp á að bjóða.

Hafin er vinna kennara FVA og grunnskólanna við að bera saman námskrár FVA og grunnskólanna í stærðfræði og ensku í ljósi styttingar framhaldsskólans.

### **Skóla- og frístundasvið/Velferðar- og mannréttindasvið**

Skóla- og frístundasvið/Velferðar- og mannréttindasvið eru stjórnunareiningar innan Akranes-kaupstaðar sem annast starfsemi og rekstur er lýtur að málefnum fjölskyldna. Skóla- og frístundasvið/Velferðar- og mannréttindasvið eru skóla- og frístundaráði og velferðar og mannréttindaráði til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir þau heyra og bera ábyrgð á faglegri framkvæmd ákvarðana ráðanna í takt við stefnu þeirra.

Meginverkefni Skóla- og frístundasviðs/Velferðar- og mannréttindasviðs lúta að almennri og sértækri fræðslu- og velferðarþjónustu fyrir fjölskyldur á Akranesi. Helstu þjónustuþættir eru félagsþjónusta sveitarfélagsins, barnaverndarmál, æskulýðs- íþróttar- og forvarnarmál, málefni tónlistarskóla, málefni leikskóla og grunnskóla, málefni aldraðra og fatlaðra og heilbrigðismál.

Hlutverk starfsmanna framangreindra sviða er að veita þjónustu í samræmi við gildandi lög og stefnumörkun bæjaryfirvalda á hverjum tíma. Starfsmenn hafa það að markmiði að vinna faglega að lausn mála og veita afbragðsþjónustu sem tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum þjónustuþega. Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs er Valgerður Janusdóttir og sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs er Svala Hreinsdóttir .

### **Menntamálaráðuneytið**

Allir skólar skulu starfa eftir lögum um grunnskóla frá 2008 og fer Menntamálaráðuneytið með yfirstjórn þeirra. Með útgáfu Aðalnámskrár mótar Menntamálaráðuneytið heildarstefnu sem grunnskólunum ber að fara eftir. Innan Aðalnámskrár hefur hver skóli þó ákveðiðsvigrúm og ber skólanámskráin vitni um þá sérstöðu sem skólinn skapar sér.

### **Aðalnámskrá grunnskóla**

Aðalnámsskrá má sjá á vef menntamálaráðuneytisins:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans.

### **Lög og reglugerðir**

Á heimasíðu Menntamálaráðuneytisins <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/mennta-og-meningarmalaraduneytid/> má finna lög og reglugerðir er varða grunnskólann..

## Frístund

Frístund er í boði fyrir nemendur í 1.- 4.bekk. Hún er tvískipt þannig að nemendur í 1. og 2. bekk eru í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Frístund fyrir nemendur úr 3. og 4.bekk er sameiginleg með Grundaskóla í Þorpinu. Þar gefst foreldrum kostur á að lengja viðveru barna sinna í skólanum eftir þörfum hvers og eins, en í samræmi við gildandi reglur fyrir Frístund.

Skráning í Frístund er í gegnum íbúagátt Akraneskaupstaðar á [akranes.is](http://akranes.is).

Um það bil 80 nemendur eru í Frístund 1. og 2.bekkjar og 21 úr Brekkubæjarskóla í Þorpinu á þessu skólaári.

Markmið Frístundar er að skapa börnunum öruggt og uppeldislega jákvætt umhverfi utan hefðbundis skólatíma. Lögð er áhersla á frjálsan, skapandi leik úti og inni, hreyfingu, góða samvinnu/samskipti milli starfsfólks og foreldra og góða samvinnu milli skólans og frístundar. Frístundin er opin eftir að skóladegi barnanna lýkur og er opin til kl. 16.15. Yfirleitt er Frístundin opin á skipulagsdögum. Þá daga er opið frá 13:20-16.15. Lokað er í frístundinni í jóla- og páskafríi og á öskudag.

Á haustin byrjar Frístundin sama dag og skólinn hefst og lokar á vorin daginn fyrir karnival. Gjaldskrá fyrir Frístund er háð ákvæðum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Akraneskaupstaðar [www.akranes.is](http://www.akranes.is) - gjaldskrár.

## Mötuneyti

Nemendur í Brekkubæjarskóla eiga þess kost að kaupa heitan mat í hádeginu og mjólk í frímínútum að morgni. Boðið er upp á hollan og fjölbreyttan mat. Foreldrar skrá börn sín í mat að hausti og síðan á tveggja mánaða fresti á Matartorgi. Hægt er að velja einstakar máltíðir. Gjöld eru innheimt á tveggja mánaða fresti. Gjaldskrá fyrir fæði í mötuneyti er háð ákvörðun bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Akranes-kaupstaðar [www.akranes.is](http://www.akranes.is) – gjaldskrár. Venjulega nýta 350 nemendur sér skólamötuneytið á degi hverjum en einstaka daga getur fjöldinn farið niður í 320 nemendur og upp í 390 nemendur. Nemendur koma á misjöfnum tímum í mat því salurinn tekur að hámarki um 150 í sæti. Salurinn er fullsetinn frá 11:20 – 12:20.



## Tómstundastarf innan skólans

Nemendafélagið stendur fyrir böllum fyrir unglingastigið nokkrum sinnum yfir skólaárið í samvinnu við Grundaskóla. Að öðru leyti er allt tómstundastarf fyrir nemendur skólans í þorpinu.

## Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýr nemandi kemur í bekk velur umsjónarkennari tvo nemendur af sama kyni til þess að sjá um nýja nemandann í fjórar vikur. Í sumum tilfellum aðlagast nýr nemandi fljótt og þá lýkur hlutverki þessara aðstoðarnemenda. Umsjónarkennari fer yfir með aðstoðarnemendunum til hvers er ætlast af þeim og er hlutverk þeirra sem hér segir:

- Að fylgja nýja nemandanum í allar sérgreinar (bókasafn, upplýsingamennt, leiklist, heimilisfræði, myndmennt, textílmenn, tónmennt, smíði, íþróttir, sund, dans og valgreinar)
- Að sýna skólahúsnæði (salur, aðstaða skólaliða, salerni, setustofa, sjoppa, húsvörður, aðstaða deildarstjóra, skrifstofa, skrifstofa skólastjórnenda, inngangar, staðsetning bekkja, vinnuver kennara, kaffistofa kennara, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, sérdeild, sérkennslustofur, náttúrufræðistofa og skóladagvist)
- Passa að nýi nemandinn sé ekki einn í frímínútum og/eða eyðum og fylgja honum á skemmtanir á vegum skólans og Arnardals.

## Þróunarverkefni á skólaárinu 2018-2019

### Bókstafakerfið, Office364 og teymiskennsla

Í vetur eru engin þróunarverkefni sem styrkt eru af einhverjum sjóðum.

Við erum að þróa okkur áfram í teymiskennslu í öllum árgöngum. Það er heilmikil vinna og þróunarstarf sem felst í þeirri vinnu.

Í vetur stigum við það skref að allar einkunnir verða í bókstöfum frá 1.-10. bekk. Þetta er gjörbreyting á hugsunarhætti og vinnubrögðum.

Við höfum verið með Office365 í nokkur ár og leggjum áherslu á að allir kennarar temji sér að nota verkfærin sem tengjast því.

Símenntunartímar kennara þetta árið fara því í þessa þætti.

## **Góður og fróður**

Lífsleiknistefna Brekkubæjarskóla, Góður og fróður, er ekki nýtt verkefni en það er verkefni sem er í sífelldri þróun.

Haustið 2001 var tekin upp skólastefna í Brekkubæjarskóla í lífsleikni sem ber heitið “Góður og fróður” og byggir á sýn skólans. Skólastefnan er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna skólans. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi.

## **Kennslustundir í lífsleikni**

Í hverjum árgangi er ein kennslustund á viku í lífsleikni þar sem leitast er við að uppfylla markmið aðalnámskrár. Einnig eru unnar lífsleikniáætlanir í öllum námsgreinum.

## **Dygð annarinnar**

Markviss vinna með dygðir þvert á allar námsgreinar er hluti af skólastefnunni. Að hausti gefur lífsleikniteymi skólans tóninn og ákveður dygð/dygðirsem allir árgangar vinna með. Í ár eru það **kurteisi** og **metnaður** sem unnið verður með. Snemma á hverju skólaári er þemadagur sem er upphaf að vinnu með dygðirnar. Þá er öll kennsla brotin upp og unnin fjölbreytt verkefni í tengslum við þær. Eftir áramót eru fjölgreindaleikar þar sem nemendur spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum sem reyna á á hverja greind fyrir sig.

## **Morgunstundir**

Fjórum sinnum á skólaárinu höldum við hátíðir tengdar dygð annarinnar í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Þessar hátíðir köllum við Stórar morgunstundir. Þar er lögð áhersla á söng og atriði frá nemendum og veittar eru viðurkenningar. Á morgunstundunum eru nemendur líka í aðalhlutverkum sem tæknimenn, ljósameistarar, kynnar og fleira.

## **Foreldrasamstarf**

Samstarf heimilis og skóla er ríkur þáttur í skólastarfinu. Til að efla þetta samstarf er foreldrum m.a. boðið á ýmsa viðburði tengda lífsleiknistefnu skólans. Má þar nefna stóru morgunstundirnar þar sem áhorfendapallarnir eru þéttsetnir og svokallaðar dygðastundir sem haldnar eru í hverjum árgangi og/eða bekkjardeild. Dygðastundir undirbúa nemendur og umsjónarkennarar en einnig eru þær oft skipulagðar í samstarfi við foreldrafulltrúa bekkjanna. Yfirleitt er ein dygðastund á önn, þar sem dygðir skólaársins eru þema stundarinnar.

## **Sólarkerfið**

Á vorönn 2008 var tekið í notkun Sólarkerfi, umbunarkerfi. Markmiðið með því er að bæta líðan nemenda í skólanum. Við teljum að hægt sé að draga úr eða koma í veg fyrir óæskilega hegðun með því að umbuna fyrir jákvæða hegðun. Það gerum við m.a. með því að hvetja nemendur til að iðka þær dygðir sem skólinn leggur áherslu á með lífsleiknistefnu sinni.

## Umhverfisstefna

Brekubæjarskóli leggur áherslu á umhverfismál og hefur unnið markvisst að þeim í mörg ár. Græni fáninn sem flesta daga blaktir við hún á fánastöng skólans er viðurkenning Landverndar á því að vel hefur verið staðið að umhverfismálum skólans. Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki sem skólum gefst tækifæri til að sækja um hafi þeir unnið að bótum á umhverfismálum eftir vinnuferli sem kallast „skólar á grænni grein.“

Eftir fjögurra ára markvisst starf fengum við fánann haustið 2007 til tveggja ára. Við höfum fengið hann endurnýjaðan 2009, 2011, 2013, 2015 og 2018. Til þess að fá Grænfánann endurnýjaðan á tveggja ára fresti þarf skólinn að halda áfram þeirri góðu vinnu sem tryggði honum fánann og bæta nýjum atriðum inn á verkefnalistann.

Í kjölfar þessa verkefnis hefur margt breyst til batnaðar í skólanum. Sem dæmi um það hefur dregið verulega úr orkunotkun, endurnýting á pappír stóraukist hjá bæði nemendum og kennurum. Allt rusl í skólanum er flokkað og sett í þar til gerða flokkunargáma. Notkun á pappírspurrkum hefur dregist verulega saman og umhverfisvæn hreinsiefni eru notuð við þrif. Ýmis skemmtileg verkefni hafa verið unnin þar sem endurnýting er höfð að leiðarljósi, t.d. pappírs- og kertagerð og listaverk unnin úr ýmsum hlutum sem annars hefði verið fleygt. Í smíði og textílmennt nota nemendur að mjög miklu leyti endurvinnsluefni í verkefni sín. Einnig hefur útikennsla aukist til muna.

### Skólar á grænni grein – Grænfáninn

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Til þess að fá að flagga Grænfánanum þarf skólinn að vinna ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri. Sjá

nánar um Grænfánaverkefni Landverndar og skóla á grænni grein á vefsíðunni [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is). Við eigum aðeins eina jörð. Skynsamleg umgengni um hana er lífsnauðsyn fyrir komandi kynslóðir. Sparsemi og nýtni eru dygðir.

Stefna Brekkubæjarskóla er að:

- nemendur öðlist færni til að lifa í sátt við umhverfi sitt og taka ákvarðanir sem eru samfélaginu og náttúrunni til heilla
- bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna skólans
- draga úr hvers kyns sóun verðmæta með nýtni og því að endurnota og endurvinnna
- vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum
- styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð

Til að koma þessu í framkvæmd þurfum við að:

- efla markvissa umhverfismennt í skólanum
- safna upplýsingum um stöðu umhverfismála í skólanum, meta hvaða verkefni skulu hafa forgang og gera áætlun um aðgerðir
- upplýsa aðra um umhverfisstefnu okkar og fá þá í lið með okkur.

Umhverfisráð vinnur að framkvæmd og framgangi umhverfisstefnu skólans.

**Umhverfisteymi** kallast hópurinn sem stýrir því hvaða verkefni verða fyrir valinu og hvernig þau eru unnin. Í teyminu eru 5 starfsmenn. Auk þessa er starfandi við skólann **umhverfisnefnd** en í henni sitja auk teymisins 20 nemendur úr 6. – 10. bekk, hópur starfsfólks og tveir fulltrúar foreldra.

## Trúnaður

Allir starfsmenn skólans eru bundnir trúnaði gagnvart nemendum og því sem á sér stað í skólanum. Mikið er lagt upp úr því að halda þennan trúnað gagnvart nemendum, foreldrum og starfsfólki. Ef kennarar fá vitneskju um að lög séu brotin ber þeim hins vegar að tilkynna það réttum aðilum.

## Símenntunaráætlun 2018-2019

Námsmat í bókstafakerfinu.

Notkun Office365  
Viðkvæm álitamál  
Hugsandi menning

## Bekkjarnámskrár

Bekkjarnámskrár eru unnar í þrepum (1-10) í Mentor út frá viðmiðum aðalnámskrár. Þar kemur fram hvaða hæfniviðmið eru sett í hverri grein fyrir sig.

Kennsluáætlanir eru unnar fyrir hvert þema eða lotu. Í þeim kemur fram hvaða hæfniviðmið á að vinna með hverju sinni, hvaða kennsluáðferðir verða notaðar, hvernig dygð annarinnar verði fléttuð inn í kennsluna, hvernig námsmati skuli háttað í greininni og hvaða kennsluefni verði notað.

## Innra mat skóla og sjálfsmatsáætlun

Skýrsla síðasta skólaárs er á vef skólans.

Á þessu skólaári er áhersla matsins hjá okkur á unglingastig.

## Óveður

**Skólahald er ekki fellt niður vegna veðurs nema brýna nauðsyn beri til.**

Telji forráðamenn nemenda veður eða veðurútlit varhugavert þótt engin tilkynning hafi borist frá skóla varðandi skólahald, ber honum að meta hvort óhætt sé að senda nemandann í skólann. Slík tilvik ber að tilkynna til ritara strax að morgni. Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þá er yngstu nemendum skólans ekki hleypt heim nema foreldrar sækji þá eða tryggi börnum sínum örugga heimferð á annan hátt. Nemendum er tryggð aðstaða í skólanum svo lengi sem þarf.

## Veikindafaraldrar

Unnin hefur verið áætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu. Sama áætlun gildir ef aðrir veikindafaraldrar skella á.

## Eldsvoði

Inni í öllum stofum og rýmum er rýmingaráætlun (appelsínugul) og viðbragðsáætlun (gul) vegna eldsvoða. Þessar áætlanir hanga á veggjum við dyr á áberandi stöðum. Einnig hangir plastvasi með bekkjarlista, blýanti og rauðum og grænum spjöldum við allar stofudyr. Rauðu og grænu spjöldin eru notuð til að láta vita hvort allir úr hópnum séu komnir út.

Reglulegar rýmingaræfingar eru haldnar á hverju skólári.

### Viðbragðsáætlun.

#### Þegar brunabjallan fer í gang:

1. Nemendur standa rólega á fætur og raða sér í stafrófsröð við dyr stofunnar.
2. Nemendur annars staðar en í stofu fara beint út á svæðið sitt ef bjallan fer í gang.
3. Kannað er hvort einhvern vantar (bekkjarlisti, blýantur og rauð og græn spjöld hanga á vegg í stofunni).
4. Valin rýmingarleið (sjá rýmingaráætlun á vegg) – börnin bíða í röð á meðan.
5. Nemendur gæta þess að halda hópinn og fylgjast að út á körfuboltavöll þar sem hver árgangur á sitt svæði. Starfsfólk á einnig sitt svæði.
6. Hvar sem starfsmaður er staddur athugar hann svæðið í kringum sig og kemur nemendum út.
7. Sé engin hættu á ferðum er það tilkynnt gegnum gjallarhorn.
8. Lyft er upp grænu spjalði ef allir eru komnir út en rauðu ef einhvern vantar.
9. Sá starfsmaður sem ber ábyrgð á að fylgjast með spjöldum upplýsir slökkvilið ef einhvern vantar.

### Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun Brekkubæjarskóla tekur til eftirfarandi þátta:

Dauðsfalli innan skólans, hjá nemanda eða starfsmanni.

Dauðsfalli í nánustu fjölskyldu nemanda (foreldrar, systkini).

Alvarlegra, lífshættulegra veikinda nemenda eða starfsmanna.

Stærri slysa innan skólans hjá nemanda eða starfsmanni þar sem kalla þarf til lækni og/eða sjúkrabíl.

Hópslys innan sveitarfélagsins eða í nágrenni þar sem nokkur fjöldi manna slasast eða lætur lífið.

Náttúruhamfarir.

Beri alvarlegt slys eða dauðsfall að á skólatíma er unnið eftir áfallaferli sem er sambærilegt milli grunnskólanna á Akranesi.